

# Ársskýrsla og reikningur 2017



Aðalfundur KGSÍ var haldinn í safnaðarheimili Ísafjarðarkirkju laugardaginn 3. júní 2017.

## Kirkjugarðasamband Íslands

Júní 2018

## Efnisyfirlit:

Skýrsla stjórnar KGSÍ .....	bls. 3 - 12
Dagskrá aðalfundar í Vestmannaeyjum 9. júní 2018 .....	bls. 13
Fjárhagsáætlun KGSÍ 2018 .....	bls. 14
Uppgjör 2017 frá Fjársýslu ríkisins .....	bls. 15 - 17
Ársreikningur KGSÍ 2017 .....	bls. 17, 18
(sjá efnisyfirlit þar)	

Myndirnar í skýrslunni tók Arnfinnur R. Einarsson.

# Ársskýrsla KGSÍ 2017


## 1. Framlag til kirkjugarða landsins árið 2017

Framlag ríkisins til kirkjugarða landsins árið 2017 var **kr. 1.103.500.000**. Framlagið hefur verið skert um rúmlega þrjá milljarða og er þá miðað við nafnvirði hvers tíma (óuppfært) á árabílinu 2008 til 2017. Á árinu 2017 munaði á fimmta hundrað m.kr. á útreikningi gjaldalíkansins (ótruflaðs) og raunframlagi ríkisins og er það 40% minna framlag en kirkjugarðar áttu að fá ef rétt hefði verið reiknað. Einingaverð umhirðu og grafartöku hefur af þeim sökum lækkað gríðarlega frá 2009 miðað við hækkun kaupgjalds og verðlags. Skipting ríkisframlagsins var þessi:

### Framlag ríkisins til kirkjugarða 2017

	Samtals framlag að meðtöldu gjaldi í kirkjugarðasjóð	Samtals framlag að fráregnu gjaldi í kirkjugarðasjóð	Samtals 8,5% gjald í kirkjugarðasjóð	Greitt á reikning nr.:
Framlag vegna fastakostnaðar	884.106.330	808.957.292	75.149.038	<b>0301-13-110560</b>
Framlag vegna grafartöku	175.109.066	160.224.795	14.884.271	<b>0301-13-110561</b>
Framlag vegna líkbrenslu	44.284.604	40.520.413	3.764.191	<b>0301-13-110564</b>
<b>Samtals 2017</b>	<b>1.103.500.000</b>	<b>1.009.702.500</b>	<b>93.797.500</b>	


Gjald í kirkjugarðasjóð fer inn á sama reikning og verið hefur.



Framlag ríkisins árið 2017 var ásamt framlagi í kirkjugarðasjóð kr. **1.103.500.000** og var hækkunin 4,2% milli ára 2016 og 2017. Stærstur hluti gjalda hjá kirkjugörðum er launakostnaður (um 80% af framlagi ríkisins hjá KGRP árið 2017). Á sama tíma hækkaði launavísitalan um 7,25%<sup>1</sup>. Hér fyrir

<sup>1</sup> Launavísitalan var 581,6 stig í júní 2016 og 623,8 stig í júní 2017.

neðan má sjá línurit sem sýnir að samkvæmt óskertu gjaldalíkani áttu kirkjugarðar að fá 453 m.kr. meira á árinu 2017 en þeir fengu. Slíkt misgengi ár eftir ár veldur miklum rekstrarerfiðleikum hjá kirkjugörðum landsins.



Í töflunni hér fyrir neðan kemur fram hver þróun einingaverðs hefur verið frá árinu 2008 til 2017 á móti hækkun launavísitölu. Stjórn KGSÍ spyr: Hvernig á að vera hægt að veita lögbundna þjónustu eftir að slíkt misgengi hefur átt sér stað?			
<b>Breyting á framlagi til kirkjugarða og breyting launav.t. frá 2008-2017</b>	<b>2008</b>	<b>2017</b>	<b>Hækkun %</b>
Einingakostnaður umhirðu (kr/m <sup>2</sup> )	543 kr	618,62 kr	14
Einingakostnaður vegna grafartöku (kr/kistugröf)	96.829 kr	110.399 kr	14
Einingakostnaður vegna líkbrennslu	61.535 kr	70159 kr	14
<b>Launavísitalan (346,2 stíg í júní 2008 og 623,8 í júní 2017)</b>	<b>346,2</b>	<b>623,8</b>	<b>80,2</b>

Árið 2005 var undirritað samkomulag milli ríkisins og kirkjugarðaráðs um fjárveitingar til kirkjugarða. Samkomulagið byggði á gjaldalíkani sem var tæki til að nálgast raunverulega þörf garðanna til lögbundins reksturs. Útbúið var einingaverð umhirðu, greftrana og til líkbrennslu. Þetta einingaverð átti samkvæmt samkomulaginu að þróast í samræmi við verðlag og kaupgjald. Fyrstu þrjú árin var að mestu unnið í samræmi við samkomulagið en eftir efnahagshrun tók annar veruleiki við. Góður skilningur var innan málaflokksins á sambærilegri skerðingu og aðrar stofnanir þurftu að þola en það sem forráðamenn kirkjugarðamála höfðu ekki skilning á var sú aðferðafræði fjármálaráðuneytisins að skerða einingaverðið allar götur frá árinu 2008. Vitanlega átti að uppreikna einingaverðið á hverju ári og skerða síðan þá upphæð sem út kom til samræmis við aðrar stofnanir.

Nú er svokölluðum „hagræðingarkröfum ríkisstjórna“ hætt en kirkjugarðar sitja uppi með ónýtt gjaldalíkan sem reiknar rúmlega 60% af fjárþörf þeirra á síðustu árum.

## 2. Hlutverk KGSÍ við útreikninga á framlagi ríkisins til kirkjugarða

Tekjur kirkjugarða byggjast að verulegu leyti á framlagi ríkisins og hér að neðan er því lýst með hvaða hætti þessar tekjur rata til kirkjugarða landsins og þeirra sem fá greitt fyrir þjónustu við útfarir skv. lögum:

1. Fjármálaráðuneyti gefur KGSÍ upp endanlegt framlag ríkisins til kirkjugarðamála á komandi ári þegar sú tala liggur fyrir í fjárlögum (desember).
2. KGSÍ lætur reikna út greftrunargjald og umhirðugjald og miðar við framlag ríkisins. Stjórn KGSÍ leggur þá til við kirkjugarðaráð hversu hátt einingaverðið geti verið. Greftrunargjaldið er síðan endanlega ákveðið af kirkjugarðaráði í upphafi hvers árs og fer það eftir því hvar kirkjugarðurinn er staðsettur á landinu. Á heimasíðunni [www.gardur.is/20178](http://www.gardur.is/20178) má finna í hvaða flokki viðkomandi kirkjugarður er á yfirstandandi ári og hvað hann fær fyrir grafartöku. Greftrunargjald er greitt eftir að viðkomandi kirkjugarðsstjórn eða fulltrúi hennar hefur fyllt út jarðsetningarskýrslu á vefnum [gardur.is](http://gardur.is) og viðkomandi prestur hefur fyllt út dánarskýrslu. Umhirðugjald er greitt eftir stærð og staðsetningu grafarsvæða.
3. KGSÍ útbýr mánaðarlega skiptingu á fjárhæðinni, þ.e.a.s. hvað hver fær mánaðarlega á greiðsluári:
  - a) Kirkjugarðasjóður fær 8,5% af heildarframlagi beint frá Fjársýslu ríkisins (lækkaði í 8% 2018).
  - b) Greftrunarsjóður v/greftrana.
  - c) Umhirðugjald til kirkjugarða landsins.
  - d) Framlag til bálstofu í Fossvogi.
4. Fjársýsla ríkisins sendir framlag ríkisins inn á bankareikninga KGSÍ 15. hvers mánaðar.
5. KGSÍ greiðir 15. hvers mánaðar:
  - a) **umhirðugjaldið** inn á reikninga kirkjugarða,
  - b) **greftrunargjaldið** til þeirra kirkjugarða sem senda inn jarðsetningarskýrslur á [gard.is](http://gard.is) í mánuðinum á undan og þóknun til presta fyrir þjónustu við útfarir,
  - c) inn á reikning **bálstofunnar** í Reykjavík.

Eins og áður sagði hefur einingaverðið ekki fylgt þróun kaupgjalds og verðlags á undanförunum árum og er nú svo komið að erfitt er fyrir kirkjugarða að greiða greftrunarkostnað og kostnað vegna prestsþjónustu við útfarir sem hefur hækkað langt umfram verðlag á síðustu fjórum árum (sjá síðar).

### 3. KGSÍ annast mörg föst verkefni

Frá árinu 2005 hefur KGSÍ séð um að reikna út og útteila framlagi ríkisins til kirkjugarða landsins. Fyrstu þrjú árin komu greiðslurnar frá Fjársýslu ríkisins (umhirðan) og frá kirkjugarðasjóði (greftranir) en frá 2008 hefur KGSÍ alfarið séð um þessi peningamál, þ.e.a.s. bæði útreikninga og greiðslu þess fjármagns sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni. Kirkjugarðaráð er síðan sá aðili sem ákveður endanlega hvernig skiptingin skal vera.

Frá ársbyrjun 2012 hefur KGSÍ enn aukið þjónustu við kirkjugarða og presta landsins með því að sjá um greiðslur til presta vegna þjónustu þeirra við útfarir. Það fyrirkomulag sem áður var við lýði var með þeim hætti að sá kirkjugarður sem grafið var í greiddi presti fyrir þjónustu við útfarir eftir að hann hafði sent reikning til kirkjugarðsins. Nýja fyrirkomulagið hefur stóraukið skýrsluskil, bæði frá prestum og kirkjugörðum, og hafa allar væntingar stjórnar KGSÍ um ágæti þess gengið eftir. Í ársskýrslu KGSÍ 2012 er nánar sagt frá þessu verkefni sambandsins og má fletta skýrslunni upp á slóðinni <https://www.gardur.is/kgi.php>.

#### **Þóknun til presta, forstöðumanna trúfélaga og lífsskoðunarfélaga fyrir þjónustu við útfarir hefur hækkað um 80% á fjórum árum, ekki hefur komið króna á móti þessum hækkunum frá ríkinu.**

Taxti fyrir þjónustu við útfarir hækkaði um 80% frá haustinu 2013 til desember 2016. Þóknunin er greidd af svokölluðu greftrunarframlagi frá ríkinu. Nú er svo komið að stórir kirkjugarðar í þéttbýli þurfa að greiða með greftrunarframlaginu sem ríkið greiðir. Ráðamenn verða að skynja alvöru þessa máls og þeir verða að axla þá ábyrgð sem störfum þeirra fylgir. Kirkjugarðar hafa ekki fengið eina krónu á móti þessum kostnaði. Þetta bætist við þann vanda sem fyrir er. Tekið skal fram að stjórn KGSÍ hefur ekki skoðun á því hvort þessi hækkun sé of mikil út af fyrir sig heldur er það gagnrýnt að ráðuneytið semji um slíka hækkun án þess að móttframlag sé greitt til kirkjugarða.

Undanfarin ár hefur sú staða verið hjá kirkjugörðum að ekki er auðvelt að fá verktaka til að taka grafir. Ástæðan er sú að kirkjugarðar geta aðeins boðið þessum aðilum hluta af þeim taxta sem í gildi er. Ef ekki rætist úr líður senn að því að aðstandendur verði sjálfir að taka grafir til að jarðsetja ástvini sína. Þeir sem enn fást til verksins gera það langt undir gildandi taxta.

### 4. Aðalfundur 2017 var haldinn á Ísafirði

Tuttugasti og annar aðalfundur KGSÍ var haldinn í safnaðarheimili Ísafjarðarkirkju laugardaginn 3. júní 2017. Fundinn sóttu 35 fundarmenn og 24 makar og hefur hópurinn oft verið fjölmennari.

Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs sagði frá kirkjugörðum á Vestfjörðum í fróðlegu erindi sínu. Kári Aðalsteinsson garðyrkjustjóri KGRP bar saman gróður og skipulag hjá kirkjugörðum á Norðurlöndum og Íslandi. Þórsteinn Ragnarsson formaður KGRP ræddi rekstrarvanda

kirkjugarða og sagði frá því hvað stjórn KGSÍ hefur gert til að ná eyrum ráðamanna. Erla Bryndís Kristjánsdóttir landslagsarkitekt fjallaði um rannsóknir sínar á gamla kirkjugarðinum á Ísafirði.



Eftir fundinn fóru fundarmenn og makar í skoðunarferð um gamla bæinn á Ísafirði í fylgd með leiðsögumanni. Hann sagði frá gullaldartíma staðarins þegar Edinborgarhúsið var ein stærsta verslun á landinu í upphafi 20. aldar og átök voru mikil á milli broddborgara þegar svokallað Skúlamál kom upp. Það rigndi hressilega á göngumenn sem létu það ekkert á sig fá vegna þess að frásögn leiðsögumannsins var svo skemmtileg og fróðleg.



Um kvöldið snæddu aðalfundarfulltrúar og makar þeirra saman kvöldverð á Hótelinu. Margir úr hópnum fóru á sunnudagsmorgni til messu í Hnífsdal. Þar messaði og fermdi sr. Magnús Erlingsson, prófastur. Eftir messuna kvöddust menn og héldu heim á leið.

## 5. Næsti aðalfundur verður í Vestmannaeyjum

Næsti aðalfundur verður haldinn í Vestmannaeyjum laugardaginn 9. júní næstkomandi. Þegar þessar línur eru ritaðar, þann 28. maí, hafa 47 fundarmenn skráð sig og 33 makar. Samtals 80 manns.

Á töflunni má sjá hvar á landinu aðalfundir KGSÍ hafa verið haldnir frá upphafi.

### Aðalfundir KGSÍ 1996 - 2018:

1. fundur	1996	Egilsstaðir
2. fundur	1997	Höfn í Hornafirði
3. fundur	1998	Borgarnes
4. fundur	1999	Vestmannaeyjar
5. fundur	2000	Hveragerði (sýning)
6. fundur	2001	Akureyri
7. fundur	2002	Reykjavík
8. fundur	2003	Keflavík
9. fundur	2004	Ísafjörður
10. fundur	2005	Selfoss
11. fundur	2006	Akureyri (annað sinn – haldið í stað Egilsstaða)
12. fundur	2007	Egilsstaðir (annað sinn)
13. fundur	2008	Stykkishólmur
14. fundur	2009	Höfn í Hornafirði (annað sinn)
15. fundur	2010	Hafnarfjörður
16. fundur	2011	Húsavík
17. fundur	2012	Hótel Laki við Kirkjubæjarklaustur
18. fundur	2013	Akureyri (þriðja sinn – haldið í stað Borgarness)
19. fundur	2014	Borgarnes (annað sinn)
20. fundur	2015	Reykjavík (annað sinn)
21. fundur	2016	Siglufjörður
22. fundur	2017	Ísafjörður (annað sinn)
23. fundur	2018	Vestmannaeyjar (annað sinn)

Á þeim stöðum sem eru grænmerktir hefur tvisvar sinnum verið haldinn aðalfundur. Á Akureyri hafa aðalfundir verið haldnir þrisvar.

## 6. Stjórn og formaður.

Þórsteinn Ragnarsson gaf áfram kost á sér sem formaður KGSÍ og var hann einróma endurkjörinn. Guðmundur Rafn Sigurðsson gaf áfram kost á sér í stjórn en Indriði Valdimarsson gaf ekki kost á sér



og fram kom tillaga um að Albert Eymundsson kæmi inn í aðalstjórn og Sveinn Valdimarsson yrði varamaður ásamt Þórunni Ragnarsdóttur. Tillagan var samþykkt samhljóða. Þjóðbjörn Hannesson Akranesi og Magnús Gunnarsson Hafnarfirði voru kjörnir skoðunarmenn reikninga.

Á milli aðalfunda 2016 og 2017 voru haldnir níu stjórnarfundir auk óformlegra funda í síma og á netinu. Fundirnir voru haldnir í Reykjavík. Varamenn voru boðaðir þegar stærri mál voru rædd.

Á aðalfundinum á Ísafirði var tilnefndur vinnuhópur til að starfa með stjórn að leiðréttingu framlags ríkisins. Í hópnum eru þessir, ásamt formanni og stjórn KGSÍ: Egill Heiðar Gíslason frá framkv.stjórn KGRP, Magnús Gunnarsson frá stjórn Kirkjugarðs Hafnarfjarðar, Sveinn Valdimarsson frá Kirkjugörðum Keflavíkur.

## 7. Sameining kirkjugarðastjórna

Ekkert hefur lengi gerst í því máli. Áhugi fyrir sameiningu er fyrir hendi hjá mörgum sóknarnefndum en það er eins og beðið sé eftir einhverjum leiðbeinandi reglum eða reglugerð um sameininguna. Allt hefur sinn tíma og það er skoðun stjórnar KGSÍ að með lagafrumvarpinu sem að líkindum verður lagt fyrir þingið innan tíðar verði hægt að setja inn skýrara ákvæði um sameiningu við viss skilyrði öllum til hagsbótar. Nefnd sú sem skilaði af sér skýrslu um fjármál kirkjugarða í mars 2016 (Endurskoðun kirkjugarðasamkomulags) og fjallaði m.a. um tillögur að lagabreytingum telur að setja þurfi skýrara ákvæði um sameiningu kirkjugarðsstjórna í lögina og gefa eðlilega aðlögun að þeim breytingum.

## 8. Legstaðaskráin Garður – stærsta verkefni KGSÍ frá upphafi

Hin miðlæga legstaðaskrá **Garður** er í umsjón og eigu Kirkjugarðasambands Íslands. Eitt af meginmarkmiðunum með stofnun hennar er að skapa almenningi aðgang að upplýsingum um legstað látinna á Íslandi og jafnframt að veita upplýsingar um viðkomandi kirkjugarða, þ.m.t. kort, texta, myndir og teikningar. Þetta markmið hefur náðst að hluta og er heimasíðan mikið notuð. Segja má að þetta sé nýting legstaðaskrárinnar „út á við“ en nýting hennar „inn á við“ er ekki síður þýðingarmikil. Í tengslum við **Garð** hafa verið útbúin ýmis hliðarforrit sem stjórna hinum ýmsu verkþáttum, s.s. skráningarkefri í líkhúsi, bókunarkerfi, verkbeidnakerfi, greiðslukerfi presta og kirkjugarða o.fl. Þessi kerfi sem hafa verið endurforrituð og sameinuð undanfarið ár og enn er verið að forrita. Nýja kerfið (sjá nánar hér á eftir) stendur öllum kirkjugörðum opið og er auðvelt fyrir kirkjugarðastjórnir að velja það sem hentugt þykir miðað við umfang starfseminnar. Stjórn KGSÍ mun kappkosta að kynna kerfið fyrir kirkjugarðastjórnnum og starfsmönnum kirkjugarða til að ljóst sé hvaða notkunarmöguleika þeirra garður hefur.

## Endurforritun kerfa á gardur.is

Seint á árinu 2016 setti stjórn KGSÍ sig í samband við hugbúnaðarfyrirtækið Hugsmiðjuna ehf, [www.hugsmidjan.is](http://www.hugsmidjan.is), og fékk starfsmenn þar til að greina forritun og öryggismál á gardur.is. Í ársskýrslu 2016 var gerð grein fyrir aðdraganda þessarar vinnu.

Vinna við endurforritun reyndist mun viðameiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og var unnið við kerfið allt árið 2017 og fyrstu fjóra mánuði ársins 2018 áður en hægt var að taka það í notkun. Kostnaður við þessa vinnu fór verulega fram úr áætlun. Að samkomulagi varð að forritunarvinna seinustu mánuðina fyrir opnun nýja kerfisins yrði ekki greidd. Kerfið var tekið í notkun í lok apríl sl. en enn eru nokkrir verkþættir ekki fullkláraðir. Framtíðarsýnin er sú að allir stærri kirkjugarðar á landinu taki kerfið upp og noti það á sama hátt og KGRP sem tengir líkhús, athafnir og jarðsetningar saman. Stór hluti kerfisins heldur utan um greiðslur til kirkjugarða og presta landsins sem fara fram 15. hvers mánaðar.


Margir kirkjugarðar hafa nú þegar verið mældir inn með GPS-tækni og hafa kortin verið sett jafnóðum inn á vefinn. Starfsmaður hjá Kirkjugarðaráði mælir upp garðana og heldur utan um þessa vinnu. Áfram er unnið við að tengja kortin við **Garð** og er það gert í samvinnu við fyrirtækið Ísgraf ehf sem sérhæfir sig í kortagerð út frá loftmyndum. Nú er hægt að fletta mörgum gördum upp í farsíma og leita þar að nöfnum látinna og leiðum þeirra sem birtast á korti og auðvelt er í framhaldi að finna viðkomandi leiði.

Þess má geta að rætt hefur verið um það innan KGSÍ í tengslum við gardur.is og nýja skráningarkerfið sem tekið hefur verið í notkun að heppilegt væri að skipta skráningarsvæðum niður eftir prófastsdæmum (8) og semja við tölvuvana einstaklinga, sem eru að vinna hjá kirkjugörðum eða í tengslum við þá, um að skrá útfara hjá þeim kirkjugörðum í prófastsdæminu sem jarðsett er í hverju sinni. Þessi framtíðarsýn felur það í sér að skráningaröryggi stóreykst og skýrsluskil um leið. Þetta hefur einnig í för með sér að prestar þyrftu ekki að skila inn dánarskýrslum eins og verið hefur utan Reykjavíkurrófastsdæma og þar með yrði dráttur á skýrsluskilum einnig úr sögunni. Sameining kirkjugarðastjórna yrði þar af leiðandi ekki eins brýn þar sem skyldunum við hina lögbundnu miðlægu legstaðaskrá væri fullnægt. Þetta verklag þyrfti að sjálfsögðu að fá staðfestingu í lögum eða reglugerð.

## Útgáfa Bautasteins - fagrits

*Bautasteinn* (fagritið) kom út í maí 2017 (1. tölublað 22. árgangs).

Á slóðinni: <https://www.gardur.is/kgssi.php> má sjá *Bautastein* frá upphafi. Blaðið kemur út í 1.100 eintökum og er dreift um allt land til presta, sveitarstjóra, sóknarnefndarformanna, alþingismanna og fjölmargra annarra einstaklinga og fyrirtækja. Einnig má skoða fréttabréfin á slóðinni hér að ofan. Ritnefndarfundir vegna *Bautasteins* hafa gjarnan verið haldnir í tengslum við stjórnarfundi áður en blaðið kemur út á vorin.



Stærstu kirkjugarðarnir styrkja útgáfuna með kaupum á blaðinu sem síðan er dreift á þjónustusvæði viðkomandi kirkjugarðs. Mikill metnaður hefur frá upphafi verið innan stjórnar KGSÍ og ritstjórnar *Bautasteins* að hafa blaðið vandað og með fréttir og greinar sem víðast af landinu.

## 9. Kirkjugarðasamband Íslands og Kirkjugarðaráð

Samkvæmt lögum hefur Kirkjugarðaráð yfirumsjón með kirkjugörðum landsins. Kirkjugarðaráð er jafnframt stjórn kirkjugarðasjóðs sem er jöfnunarsjóður fyrir kirkjugarða landsins. KGSÍ tilnefnir einn stjórnarmann í Kirkjugarðaráð og hefur formaður stjórnar KGSÍ verið tilnefndur í stjórn ráðsins af KGSÍ undanfarin ár. Kirkjugarðaráð hefur gert samkomulag við stjórn KGSÍ til nokkurra ára um

ýmislegt sem lýtur að málefnum kirkjugarða, s.s. útteilingu á framlagi ríkisins til kirkjugarða, rekstur á gardur.is, námskeið o.fl. Þjónustusamningur er á milli KGSÍ og Kirkjugarðaráðs sem felur í sér sex milljón króna framlag frá kirkjugarðasjóði á ári næstu árin.

## 11. Erlend samskipti - NFKK

KGSÍ á aðild að norræna sambandinu NFKK (Nordisk forbund for kirkegårder og krematorier, sjá slóðina <http://www.nfkk.eu>, og eiga formaður og varaformaður KGSÍ sæti í stjórn þess.

## 12. Margir lögðu hönd á plóginn

Þeim fjölmörgu sem starfa innan málaflokksins víða um land eru færðar þakkir fyrir samstarfið á árinu 2017. Margir lögðu hönd á plóginn og ber að þakka góðan liðsanda og samstarf að þeim þýðingarmiklu verkefnum sem KGSÍ er falið að sinna. Ljóst er að við þær fjárhagsaðstæður sem kirkjugarðar hafa búið við undanfarin ár reynir mikið á stjórn og starfsmenn kirkjugarða. Bestu þakkir færir stjórn KGSÍ öllu þessu fólki.

Reykjavík, 31. maí 2018.

F.h. stjórnar KGSÍ,



Þórsteinn Ragnarsson,  
formaður KGSÍ.

# Aðalfundur KGSÍ

haldinn 9. júní 2018 í Akógeshúsinu í Vestmannaeyjum

Fundurinn hefst kl. 09:00 með venjubundnum aðalfundarstörfum og stendur til kl. 15:00.

## Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ.
3. Endurskoðaðir reikningar KGSÍ fyrir árið 2017 lagðir fram til umræðu og samþykktar.
4. Kosning formanns KGSÍ.
5. Kosning annarra stjórnarmanna.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ.
7. „*Minning um mann*“. Guðmundur Rafn Sigurðsson frkv.stj. Kirkjugarðaráðs ræðir um hvernig fólk minnst ættingja og vina með mismunandi minningarmörkum.
8. *Hugmyndir í Kirkjugarði Keflavíkur til hagræðingar og bóta í rekstri*. Sveinn Valdimarsson stjórnarformaður KGGK segir frá forvitnilegu samkomulagi milli sveitarfélagsins og KGGK.

## Matarhlé frá 12:00 til 13:00 á fundarstað.

9. Kári Aðalsteinsson garðyrkjustjóri KGRP segir frá illgresiseyðingu hjá KGRP.
10. *Rekstrarvandi kirkjugarða. Hvað hefur KGSÍ gert til að leysa vandann?*  
Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ og Albert Eymundsson formaður hjá Kirkjug. Hafnar í Hornafirði segja frá. Fyrirspurnir og umræður.
11. Ólafur Týr Guðjónsson framhaldsskólakennari og úteyjakarl flytur erindi heimamanns.
12. Önnur mál.

## **Skoðunarferð um Heimaey. Hátíðarkvöldverður**

Eftir fundinn, um kl. 15:30, verður farin skoðunarferð í boði KGV og um kvöldið, kl. 19:30 snæða aðalfundarfulltrúar og makar þeirra saman kvöldverð á veitingahúsinu **Einsa kalda** og skemmta sér saman eftir borðhaldið til 24:00.

## **Helstu tímasetningar í tengslum við aðalfundinn.**

### Laugardagurinn 9. júní:

09:00 – 12:00 ..... Aðalfundarstörf  
12:00 – 13:00 ..... Hádegismatur  
13:00 – 15:00 ..... Aðalfundarstörf  
15:30 – 17:30 ..... Skoðunarferð um Vestmannaeyjar. Farið frá hótelinu kl. 15:30  
19:30 – 24:00 ..... Hátíðarkvöldverður og skemmtun

Sunnudagurinn 10. júní kl. 10:30: Kirkjugarðurinn og Landakirkja skoðuð undir leiðsögn Halldórs Hallgrímssonar kirkjugarðsvarðar.

F.h. stjórnar,



Þórsteinn Ragnarsson, formaður KGSÍ.

## REKSTRARÁÆTLUN KGSÍ FYRIR ÁRIÐ 2018

### REKSTRARTEKJUR:

Tekjur vegna sölu vorblaðs (ca. 375 eint. á 850 kr/stk.)	317.050
Skráning ítarefnis	30.000
Aðrar tekjur; sala rafrænna skráa frá gardur.is	150.000
Styrkur frá Kirkjugarðasjóði vegna tölvumála	8.000.000
Endurgreiddur vsk vegna sérfræðivinnu	2.500.000
Styrkur frá Kirkjugarðasjóði, skv. samningi	7.000.000
<b>SAMTALS KR:</b>	<b>17.997.050</b>

### REKSTRARGJÖLD:

#### Kostnaður vegna Bautasteins; tímarits og fréttabréfs:

Vorblað - tímarit, skv samningi við Athygli	430.000
Annar kostn. s.s. ferðalög, myndir o.fl.	15.000
Fréttabréf KGSÍ, skv samningi við Athygli	60.000
Pökkunarkostnaður vorblaðs og fréttabréfs	80.000
Burðargjöld vegna vorblaðs	190.000
Burðargjöld vegna fréttabréfs	120.000
Burðargjöld önnur	6.000
	<b>901.000</b>

#### Annar kostnaður:

Laun og launatengd gjöld	1.512.565
Aðalfundarkostnaður	350.000
Bókhaldsvinna	950.000
Prentkostnaður, umslög og bréfsefni	240.000
Stjórnarfundakostnaður	100.000
Innlendur ferðakostnaður	180.000
Námskeiðahald og aðrir fundir	250.000
Ferðakostnaður vegna NFKK	450.000
Sérfræðikostnaður vegna gardur.is m.vsk.	8.000.000
Sérfræðikostnaður v/ leiðréttingar á framlagi ríkisins m.vsk.	2.000.000
Auglýsingar og ýmis tilfallandi kostnaður	250.000
	<b>14.282.565</b>

**SAMTALS KR: 15.183.565**

Tekjur umfram gjöld, án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	2.813.485
--	-----------

### FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNS- GJÖLD:

Vaxtatekjur	150.000
Vaxtagjöld	45.000

**AFGANGUR AF REKSTRI ÁRSINS: SAMTALS KR: 2.918.485**

FJÁRSÝSLA RÍKISINS				
Uppgjörssvið				
<b>Kirkjugarðsgjald 2017</b>				
	Eftirstöðvar í ársbyrjun	2017	Greitt 2017	Eftirstöðvar í árslok
Kirkjugarðar.....	0	1.009.702.500	1.009.702.500	0
Kirkjugarðasjóður.....	0	93.797.500	93.797.500	0
<b>Samtals</b>	0	1.103.500.000	1.103.500.000	0

FJÁRSÝSLA RÍKISINS	
Uppgjörssvið	
<b>Kirkjugarðsgjöld Staða viðfangi 31.12.2017</b>	
Viðfang=0673311100 (Kirkjugarðar)	
Allar tegundir	
22752 Ógreitt útsvar, sóknargj.ofl.	0
<b>55000 Kaup á þjónustu</b>	<b>1.009.702.500</b>
Samtals	1.009.702.500
Stofnun=06733 (Kirkjugarðasjóður)	
Viðfang=0673311101	
Allar tegundir	
22752 Ógreitt útsvar, sóknargj.ofl.	0
<b>55000 Kaup á þjónustu</b>	<b>93.797.500</b>
Samtals	93.797.500
<b>Samtals 2016</b>	<b>1.103.500.000</b>

**FJÁRSÝSLA RÍKISINS**

Uppgjörssvið

**Kirkjugarðasjóður  
Uppgjör 2017**

Samkvæmt 40. gr. laga nr. 36/1993 skulu tekjur Kirkjugarðasjóðs vera á milli 8% til 12% af kirkjugarðsgjöldum.

Kirkjugarðsgjöld 2017 voru kr. 1.103.500.000

Hluti Kirkjugarðasjóðs 8,5% var því kr. 93.797.500

Kirkjugarðsgjald vegna manna sem eru óstaðsettir á landinu samkvæmt þjóðskrá greiðist til sjóðsins skv. 39. gr. laga nr. 36/1993. Á árinu 2017 var enginn skráður óstaðsettur hjá Hagstofu Íslands.

**Viðskiptareikningur 2017**

Staða 01.01.17.....	kr.	0
Hluti af kirkjugarðsgjöldum.....	kr.	93.797.500
Óstaðsettir.....	kr.	0
	kr.	0
Greitt 2017.....	kr.	93.797.500
Inneign 31.12.17.....	kr.	0



FJÁRSÝSLA RÍKISINS					
Uppgjörssvið					
<b>Kirkjugarðsgjöld til kirkjugarða 2017 og hluti þeirra til Kirkjugarðasjóðs</b>					
Kennitala	Nafn	Kirkjugarðsgjald jan-des	Greitt v/2016	Greitt v/2017	Ógreitt 2017
6811962429	Framlag vegna fastakostnaðar	808.957.292	0	808.957.292	0
6811962429	Framlag vegna grafartöku	160.224.795	0	160.224.795	0
6811962429	Framlag vegna líkbrennslu	40.520.413	0	40.520.413	0
5907840449	Kirkjugarðasjóður	93.797.500	0	93.797.500	0
		<b>1.103.500.000</b>	<b>0</b>	<b>1.103.500.000</b>	<b>0</b>

FJÁRSÝSLA RÍKISINS						
Uppgjörssvið						
<b>Greiðslufirlit úr Oraclekerfinu</b>						
Gjaldfærsla	Kirkjumálasjóður	Fastakostnaður	Grafartaka	Líkbrennsla	Heildargreiðsla	Greiðsludagsetning
Janúar	7.816.458	67.413.108	13.352.066	3.376.701	91.958.333	16.jan.17
Febrúar	7.816.458	67.413.108	13.352.066	3.376.701	91.958.333	15.feb.17
Mars	7.816.458	67.413.108	13.352.066	3.376.701	91.958.333	15.mar.17
Apríl	7.816.458	67.413.108	13.352.066	3.376.701	91.958.333	17.apr.17
Maí	7.816.458	67.413.108	13.352.066	3.376.701	91.958.333	15.maí.17
Júní	7.816.458	67.413.108	13.352.066	3.376.701	91.958.333	15.jún.17
Júlí	7.816.458	67.413.108	13.352.066	3.376.701	91.958.333	17.júl.17
Ágúst	7.816.458	67.413.108	13.352.066	3.376.701	91.958.333	15.ágú.17
September	7.816.458	67.413.108	13.352.066	3.376.701	91.958.333	15.sep.17
Október	7.816.458	67.413.108	13.352.066	3.376.701	91.958.333	16.okt.17
Nóvember	7.816.458	67.413.108	13.352.066	3.376.701	91.958.333	15.nóv.17
Desember	7.816.462	67.413.104	13.352.069	3.376.702	91.958.337	15.des.17
	<b>93.797.500</b>	<b>808.957.292</b>	<b>160.224.795</b>	<b>40.520.413</b>	<b>1.103.500.000</b>	

FJÁRSÝSLA RÍKISINS						
Uppgjörssvið						
<b>Afstemming Uppgjör 2017</b>						
				Úr Excel	Úr Oracle	Mism.
	Viðfang		Tegund			
	067330	Efnahagur				0
	0673311100	Kirkjugarðar	55000	1.103.500.000	1.103.500.000	0
	0673311101	Kirkjugarðasjóður	55000	93.797.500	93.797.500	0

## Ársreikningur KGSÍ 2017

Um bókhald og uppgjör reikninga KGSÍ sér Margrét Guðjónsdóttir bókari hjá KGRP. Helga Halldórsdóttir gjaldkeri KGRP sér um að greiða reikninga KGSÍ og millifæra framlag ríkisins til presta og kirkjugarða landsins og svara fyrirspurnum um þær greiðslur.

# Kirkjugarðasamband Íslands

---

Ársreikningur

---

## 2017

---

Kirkjugarðasamband Íslands  
Vesturhlíð 8  
105 Reykjavík  
kt. 681196-2429

# Kirkjugarðasamband Íslands

---

Ársreikningur

---

## 2017

Þannig samþykkt á stjórnarfund 7. maí 2018

### Efnisyfirlit

Áritun skoðunarmanna	2
Skýrsla stjórnar	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-10

---

# Áritun skoðunarmanna

---

Við kjörnir skoðunarmenn Kirkjugarðasambands Íslands höfum yfirfarið ársreikning fyrir árið 2017 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 7. maí 2018

  
Þjóðbjörn Hannesson

  
Magnús Gunnarsson

# Skýrsla stjórnar

---

Kirkjugarðasamband Íslands er samband kirkjugarða á Íslandi og stendur vörð um faglega hagsmuni þeirra.

Ársreikningur Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Rekstrartekjur ársins 2017 námu samtals kr. 15.998.811 og voru tekjur umfram gjöld af rekstri ársins kr. 2.565.963. Heildareignir námu kr. 14.335.612 og eigið fé í árslok 2017 nam kr. 13.279.356.

Að álitum stjórnar Kirkjugarðasambands Íslands koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sambandsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Kirkjugarðasambands Íslands staðfestir með undirritun sinni ársreikning sambandsins fyrir árið 2017.

Reykjavík, 7. maí 2018

## Í stjórn



Þórsteinn Ragnarsson  
stjórnarformaður



Guðmundur Rafn Sigurðsson  
stjórnarmaður



Albert Eymundsson  
stjórnarmaður

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og hluthafa í Kirkjugarðasambandi Íslands

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni. Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Samkvæmt staðlinum eigum við að leggja fram ályktun um hvort eitthvað hafi komið fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd í samræmi við lög um ársreikninga. Staðallinn gerir jafnframt kröfu um að við fylgjum siðareglum.

Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum.

Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

### Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 7. maí 2018.

**Deloitte ehf.**



Halldór Arason,  
endurskoðandi

# Rekstrarreikningur - almennur rekstur - ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
<b>Rekstrartekjur</b>			
Félagsgjöld og styrkir .....		15.998.811	6.473.200
		<u>15.998.811</u>	<u>6.473.200</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Útgáfu- og dreifingarkostnaður .....		746.817	820.482
Laun og tengd gjöld .....	3	1.375.059	1.600.746
Annar rekstrarkostnaður .....		11.418.672	2.680.846
		<u>13.540.548</u>	<u>5.102.074</u>
<b>Tekjur umfram gjöld án fjármunatekna og fjármagnsgjalda</b>		2.458.263	1.371.126
Fjármunatekjur .....	4	145.276	300.720
Fjármagnsgjöld .....	5	(37.576)	(65.783)
<b>Tekjur umfram gjöld</b>		<u>2.565.963</u>	<u>1.606.063</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
<b>Veltufjármunir</b>			
Víðskiptakröfur .....	7	7.752.726	7.000
Aðrar skammtímakröfur .....	7	55.262	297.226
Handbært fé .....	7	6.527.624	11.410.865
		<u>14.335.612</u>	<u>11.715.091</u>
<b>Eignir</b>		<u>14.335.612</u>	<u>11.715.091</u>
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Eigið fé .....	8	13.279.356	10.713.393
Eigið fé		<u>13.279.356</u>	<u>10.713.393</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Aðrar skammtímaskuldir .....	9	1.056.256	1.001.698
Skuldir		<u>1.056.256</u>	<u>1.001.698</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>14.335.612</u>	<u>11.715.091</u>



## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tekjur umfram gjöld .....		2.458.263	1.371.126
Veltufé frá (til) rekstri án vaxta og skatta		<u>2.458.263</u>	<u>1.371.126</u>
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun) lækkun .....		(7.503.762)	(44.917)
Rekstrartengdar skuldir (lækkun) hækkun .....		<u>54.558</u>	<u>829.489</u>
Handbært fé frá (til) rekstri án vaxta og skatta		(4.990.941)	2.155.698
Innborgaðir vextir og arður .....		145.276	300.720
Greiddir vextir .....		<u>(37.576)</u>	<u>(65.783)</u>
<b>Handbært fé frá (til) rekstri</b>		<u>(4.883.241)</u>	<u>2.390.635</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár .....		(4.883.241)	2.390.635
Handbært fé í upphafi árs .....		<u>11.410.865</u>	<u>9.020.230</u>
Handbært fé í lok árs .....		<u><u>6.527.624</u></u>	<u><u>11.410.865</u></u>

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Kirkjugarðasamband Íslands er samband kirkjugarða á Íslandi sem stendur vörð um faglega hagsmuni þeirra.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sambandsins.

Almenn stefna sambandsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Engir framvikrir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá sambandinu.

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Salan er skráð þegar vara eða þjónusta er afhent og eignaréttur hefur færst til kaupanda. Tekjur sambandsins koma að mestu leyti frá Kirkjugarðasjóði.

### Fjármagnsliðir

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við videigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Útistandandi tekjur

Útistandandi tekiur eru færðar á nafnverði.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## 3. Launamál

	2017	2016
Laun .....	1.195.862	1.376.592
Launatengd gjöld .....	179.197	223.342
	<u>1.375.059</u>	<u>1.599.934</u>

## 4. Fjármunatekjur

	2017	2016
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	132.076	287.220
Aðrar vaxtatekjur .....	13.200	13.500
	<u>145.276</u>	<u>300.720</u>

# Skýringar

## 5. Fjármagnsgjöld

	2017	2016
Fjármagnstekjuskattur .....	(26.407)	(57.437)
Önnur vaxtagjöld .....	(11.169)	(8.346)
	<u>(37.576)</u>	<u>(65.783)</u>

## 6. Eignarhlutar í félögum

In Memoriam ehf. var stofnað árið 2000. Eignarhlutur Kirkjugarðasambands Íslands í In Memoriam ehf. er að nafnverði kr. 2.000.000 en er bókfærður á kr. 0.

	Hlutdeild	Nafnverð	Bókfært verð
In Memoriam ehf. ....	100%	2.000.000	<u>0</u>
			<u>0</u>
		<u>31.12.2017</u>	<u>31.12.2016</u>
Staða í ársbyrjun .....		0	137.502
Hlutabréfaeign færð niður .....		0	(137.502)
Staða í árslok .....		<u>0</u>	<u>0</u>

## 7. Aðrar peningalegar eignir

### Viðskiptakröfur

	31.12.2017	31.12.2016
Innlendar viðskiptakröfur .....	0	7.000
Krafa á KGSÍ framlag til Kirkjugarða .....	<u>7.752.726</u>	<u>0</u>
	<u>7.752.726</u>	<u>7.000</u>

### Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2017	31.12.2016
Útistandandi vsk. ....	55.262	297.226
	<u>55.262</u>	<u>297.226</u>

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

## 8. Eigið fé

	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2017 .....	10.713.393
Tekjur umfram gjöld ársins .....	<u>2.565.963</u>
Eigið fé 31.12.2017 .....	<u>13.279.356</u>

# Skýringar

---

## 9. Aðrar peningalegar skuldir

### Aðrar skammtímaskuldir

	<u>31.12.2017</u>	<u>31.12.2016</u>
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	48.665	64.654
Ógreiddir ýmsir reikningar .....	<u>1.007.591</u>	<u>937.044</u>
	<u>1.056.256</u>	<u>1.001.698</u>

# Sundurliðanir

	2017	2016
<b>Félagsgjöld og styrkir</b>		
Skráning ítarefnis .....	37.000	50.000
Fræðslumál og útgáfa Bautasteins .....	317.050	303.200
Rekstrarstyrkur frá Kirkjugarðasjóði .....	15.500.000	6.000.000
Útseld þjónusta vegna gardur.is .....	144.761	120.000
	<u>15.998.811</u>	<u>6.473.200</u>
<b>Útgáfu- og dreifingarkostnaður</b>		
Prentun .....	48.856	0
Prófarkalestur og hönnun .....	8.250	0
Annar útgáfukostnaður .....	392.207	473.400
Burðargjöld .....	297.504	264.994
Pökkunarkostnaður .....	0	82.088
	<u>746.817</u>	<u>820.482</u>
<b>Laun og launatengd gjöld</b>		
Vinnulaun .....	1.138.662	1.208.952
Aksturskostnaður .....	57.200	167.640
Tryggingagjald .....	54.213	105.693
Lífeyrissjóður .....	123.850	117.649
Aðrir sjóðir .....	1.134	812
	<u>1.375.059</u>	<u>1.600.746</u>
<b>Annar kostnaður</b>		
Aðalfundarkostnaður .....	0	330.819
Stjórnarfundakostnaður .....	82.600	68.880
Fræðslufundir .....	116.520	0
NFKK kostnaður .....	367.431	259.693
Pappír, prentun og ritföng .....	212.842	0
Bókhaldsvinna, reikningagerð o.fl. ....	894.985	511.018
Önnur aðkeypt þjónusta .....	9.444.264	1.064.826
Auglýsingar .....	0	83.775
Ferðakostnaður .....	174.334	118.000
Afskrifaður tapaður eignarhluti .....	0	137.502
Kostnaður vegna gardur.is .....	108.151	88.869
Annar kostnaður .....	17.545	17.464
	<u>11.418.672</u>	<u>2.680.846</u>